

FUNDARGERÐ

Fundargerð Ársfundar Bergrisans bs. byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi.

Fundarstaður: Fundarsalur Brunavarna Árnessýslu

Fundartími: Miðvikudaginn 25. október 2017 kl. 14.00

Mættir: Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon, starfsmanna sveitarfélaganna um málefni fatlaðs fólks og fjölmargra fulltrúa sveitarfélaga sem aðild eiga að Bergrisanum. Einnig mætti á fundinn Róbert Ragnarsson ráðgjafi sem unnið hefur að úttekt á starfseminni á þjónustusvæðinu.

Ritari fundarins: Ásgeir Magnússon

Dagskrá:

1. **Setning fundarins**

Ásta Stefánsdóttir formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

2. **Kjör fundarstjóra og fundarritara.**

Formaður lagði til að Gunnar Þorgeirsson yrði skipaður fundarstjóri og Ásgeir Magnússon fundarritari og var það samþykkt.

3. **Ársskýrsla þjónusturáðs Suðurlands**


María Kristjánsdóttir flutti ársskýrslu þjónusturáðs. Í hennar máli kom fram:

Að haldnir hafi verið 8 fundir á árinu og að ráðið hafi starfað skv. verk- og starfsáætlun sem ráðið setti sér fyrir tímabilið.

María fór yfir verkefni þjónusturáðsins og minnti á að á svæðinu sé orðin afar brýn þörf á uppbyggingu búsetuúrræða fyrir fatlað fólk. Þá nefndi hún að til ráðsins sé beint frumvörpun, reglugerðum og áætlunum sem varða fatlað fólk.

María gat þess að mikil aukning væri í fjölda þjónustuþega á svæðinu og sýndi meðfylgjandi mynd því til stuðnings.

Heildarfjöldi þjónustuþega á Suðurlandi 2011-2016:



Að lokum fór María yfir þjónustuþörfina og gerði grein fyrir starfseminni sem fram fer á hverri rekstrareiningu.

Ársskýrslan var borin upp og samþykkt.

4. Ársreikningur 2016

Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar fór yfir reikninga Bergrisans bs. fyrir 2016 og skýrði þá.

Rekstrar tekjur ársins voru 1.221.747.304 krónur og rekstrargjöld 1.223.110.388 og afkoma því fyrir fjármagnsliði rekstartap upp á 1.364.084 krónur. Niðurstaða fjármagnsliða var sama upphæð og reksturinn því gerður upp á núlli.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings var 250.655.533 krónur.

Ársreikningurinn síðan borinn upp og samþykktur samhljóða

5. Fjárhagsáætlun 2018

Ingibjörg Garðarsdóttir lagði fram og fór yfir meðfylgjandi fjárhagsáætlun næsta árs.

Bergrissinn - fjárhagsáætlun 2018

	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Samningur við Árborg	22.106.000	23.833.000
Þjónustueiningar á Selfossi :		
Vallholt 9	81.930.000	84.474.000
Vallholt 12-14	85.027.000	87.714.000
Þjónustumiðstöð Álfatarima	131.818.000	136.512.000
VISS Selfossi	87.011.000	82.363.000
Þjónustueiningar í Þorlákshöfn :		
VISS Þorlákshöfn	20.645.000	21.085.000
Selvogsbraut	79.780.000	82.660.000
Þjónustueining í Hveragerði :		
Birkimörk	95.034.000	95.911.000
Sérúrræði í Hveragerði	0	10.610.000
Sjálfstæðir þjónustuaðilar :		
Breiðabólstaður	82.753.536	84.863.751
Kerlingardalur	36.909.056	18.925.118
Sólheimar	428.288.000	459.719.344
Skaftholt	84.860.928	91.126.882
Stuðningsfjölskyldur :		
Árborg	4.200.000	5.000.000
Árnesþing	2.035.000	2.785.000
Rangárvalla- og V-Skaftafellssýsla	2.050.000	2.530.000
Félagsþjónustur :		
Árborg	13.514.000	13.790.000
Árnesþing	7.275.000	7.492.000
Rangárvalla og V-Skaftafellssýsla	8.410.000	8.056.000
Áætlaður kostnaður Bergrisans	1.273.646.520	1.319.450.095
Áætlaðar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	1.033.114.000	1.115.763.120
Áætlaðar greiðslur til Bergrisans v/útsvar	199.248.000	215.187.840
Áætluð fjárþörf í málaflokknum	41.284.520	-11.500.865

Áætlunin borin upp og hún samþykkt samhljóða

6. Ráðning endurskoðanda

Fram kom tillaga um að Ólafur Gestsson yrði endurskoðandi félagsins og var hún samþykkt.

7. Kynning á niðurstöðum úttektar, Róbert Ragnarsson ráðgjafi.

Róbert Ragnarsson sem ráðinn var til að gera úttekt á allri starfsemi í þjónustu við fatlað fólk á vegum Bergrisans bs. fór í ítarlegu máli yfir sína úttekt á stöðunni.

Í upphafi fór Róbert yfir skyldur sveitarfélaganna sem fram eru settar í markmiðum laga um málefni fatlaðs fólks. Þá nefndi hann að ný lög um opinber innkaup leggja ríkari körfur á sveitarfélögin varðandi framlengingu og gerð þjónustusamninga.

Nefndi Róbert að nauðsynlegt væri að skilgreina vandlega þá þjónustu sem verið er að kaupa af sjálfstæðum þjónustuaðilum, í sumum tilfellum þyrfti að bjóða þjónustuna út og í kjölfar þess að ganga til samninga við aðila á grundvelli þjónustulýsingar.

Róbert fór síðan yfir matsþætti sem notaðir eru til að meta þjónustuþörf fatlaðs fólks og benti á að á þeim stofnunum sem reknar eru af Bergrisanum séu einstaklingar sem ættu með raun ekki að þurfa þjónustu á stofnum, en eru þar sem afleiðing eldri skipanar þessara mála. SIS matið sem gert er á þjónustuþegum til að meta þjónustuþörf fatlaðra ræður því fjármagni sem greitt er til sveitarfélaganna til að sinna þessari þjónustu. Nánast allir gera þó kröfur til rekstrarfjár umfram SIS mat.

Eins fór hann yfir það að á okkar þjónustueiningum eru einstaklingar sem í raun eru í öryggisvistun sem á alfarið að vera verkefni ríkisins og sem fjármagna á með öðrum hætti en gildir um almenna þjónustu við fatlað fólk.

Að síðustu fór Róbert yfir ýmsa möguleika í rekstri málaflokksins sem til skoðunar verða hjá stjórn á næstunni. Jafnframt var óskað eftir því að fundarmenn sendu inn ábendingar og athugasemdir sem jafnframt yrðu teknar til skoðunar.

Nokkrar umræður spunnust um yfirferð Róberts og honum var að lokum þakkað fyrir greinargóða yfirferð um þjónustuna við fatlað fólk á Suðurlandi

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50

Ásgeir Magnússon fundarritari